

Starfsreglur Stjórnlagaráðs

- *Breytingartillaga stjórnar, lögð fyrir 17. ráðsfund.*
- *Samþykkt á fundi stjórnar 19. júlí 2011.*

Stjórn Stjórnlagaráðs leggur fyrir ráðsfund eftirtaldar breytingar á Starfsreglum stjórnlagaráðs:

1. Í lok 2. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi: *Heimilt er þó að ljúka umfjöllun um breytingartillögu með atkvæðagreiðslu við lok fyrri umræðu enda samþykki fyrsti flutningsmaður breytingartillögunnar þá málsmeðferð.*
2. Í stað setningarinnar í 3. mgr. 15. gr. : *„Síðari umræða fer eigi fram fyrr en tveimur sólarhringum eftir að álit og tillögur nefnda hafa verið birt á vef Stjórnlagaráðs“* komi: *Síðari umræða fer eigi fram fyrr en tveimur sólarhringum eftir að fyrri umræðu lýkur.*